

Samkomulag

milli Einingar-Iðju annars vegar og TDK Foil Iceland ehf. hins vegar vegna félagsmanna Einingar-Iðju sem vinna í vaktavinnu hjá TDK Foil Iceland ehf.

Samningur Einingar-Iðju og TDK Foil Iceland ehf. framlengist með svofelldum breytingum:

1. gr.

Laun:

Kauptaxtar vaktavinnustarfsmanna í verksmiðju TDK Foil Iceland hækki um krónutölu með eftirfarandi hætti:

1. janúar 2025: 3,5% eða 23.750 kr.

1. janúar 2026: 3,5% eða 23.750 kr.

2. gr.

Tækniramma:

Undirbúningur á tækniramma 5 hefjist á samningstímanum og verði klár í síðasta lagi í árslok 2026.

Gert verður ráð fyrir að þeir rannsóknarstarfsmenn og framleiðslustarfsmenn sem tilbúnir eru í uppfærslu á tækniramma, samtals 11 starfsmenn, verði færðir upp um tækniramma. Verður þessari tilfræslu í tækniramma að fullu lokið fyrir 15 apríl.

Fyrirtækið bjóði upp á Leiðtogaþjálfun fyrir þá sem eiga að færast upp í tækniramma 4.

3. gr.

Vaktstjóraálag:

Vaktstjóraálag hækkar í kr. 140.000 fyrir árið 2025 og 150.000 2026.

4. gr.

Orlofs- og desemberuppbót:

Orlofsuppbót verði á samningstímabilinu:

2025: kr. 161.500

2026: kr. 163.500

Desemberuppbót verði á samningstímabilinu:

2025: kr. 314.500

2026: kr. 318.500

5. gr.

Vinna á stórhátíðum:

Álag vegna vinnu á föstudaginn langa, páskadag, 17. júní, Hvítasunnudag, eftir kl. 12:00 á aðfangadag, jóladag, eftir kl. 12:00 á gamlársdag og nýársdag verði kr. 750 frá 1. janúar 2025 og hækki 1. janúar 2026 um 3,5%.

6. gr.

Fyrirkomulag kennara:

Hjá TDK Foil Iceland ehf. sé ávallt við störf þjálfari sem sjái um þjálfun og próftöku auk þess að viðhalda tæknirömmum.

Ef, af óviðráðanlegum ástæðum, að þjálfari er ekki við störf hjá fyrirtækinu á einhverjum tímapunkti þá muni vaktstjórar og/eða Lead operatorar sjá um þjálfun og próftöku svo að eðlilegur framgangur starfsmanna í tæknirömmum stöðvist ekki. Sá sem sinnir þessum störfum í þessum undartekningartilfellum fái greitt fyrir það sérstakt álag sem nemi kr. 692.- á hvern klukkutíma sem fara í þau.

7. gr.

Gildistími:

Samkomulag þetta taki gildi frá 1. janúar 2025 og 31. desember 2026 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Þar sem kjarasamningur þessi er til tveggja ára þá eiga forsenduákvæði almennra kjarasamninga ekki við og því kemur ekki til uppsagnar samningsins eða eftir atvikum viðbótarhækkunar launa á samningstímanum.

Akureyri, 20. febrúar 2025

F.h. TDK Foil Iceland ehf.

F.h. Einingar-Iðju

Bókanir með samkomulagi dags. 20. desember 2024

Pappírsvinna:

Fyrirtækið mun hefja verkefni árið 2025 með það markmiði að skráning tiltækra gagna í framleiðslu og skráning parameter gilda verð sjálfvirk og draga þannig úr pappírsvinnu starfsfólks.

Vaktakerfi:

Skipaður verði starfshópur til að skoða vaktakerfi og sumarleyfi.

Starfshópurinn skoði núverandi vaktakerfi ásamt örðum útfærslum og leggi mat á kosti og galla hvers kerfis. Starfshópurinn hefur störf við undirritun sammings og ljúki störfum fyrir 1. ágúst 2026. Starfshópurinn verði skipaður 2 fulltrúum starfsmanna, 2 fulltrúum frá Einingu-Iðju og 2 frá TDK Foil Iceland.